

# NÁMSLEIÐ

Starf í leikskóla  
og íslenska



FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ  
ATVINNULÍFSINS

**NAFN NÁMSKRÁR**

Smiðja 2-1

númer 23-256-2-160

Íslensk menning og samfélag

númer 18-253-2-200

**NÁMSLEIÐ**

Starf í leikskóla og íslenska 23-256-2-160, 18-253-2-200

**VINNUSTUNDIR NEMA**

220 klukkustundir alls

**HVERJUM ÆTLAÐ**

Fullorðnu fólki eldra en 18 ára

**ÚTGEFANDI**

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, 2026.

**Gert af:** Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

Staðfest af FA samkvæmt reglum um uppbrot námskráa FA

## Efnisyfirlit

Námsleið – námskrá.....	2
Titill: Starf í leikskóla og íslenska .....	2
Námskrá: Smiðja 2-1 .....	2
Íslensk menning og samfélag.....	2
Námsleið lýsing: Starf í leikskóla og íslenska .....	2
Skipulag .....	3
Hæfniviðmið náms.....	3
Námsmat.....	4
Yfirlitstafla.....	5
Námsleið: Starf í leikskóla og íslenska .....	5
Námsþættir.....	6
Verkefni í smiðju    F- SMID1VA_27 .....	6
Verklag og vinnubrögð    F- SMID1VE_1 .....	7
Þjálfun og sjálfstæð vinna    F- SMID2PS_1 .....	8
Íslenskt mál    F- ÍSLE1LU_48_1 (A1 - Evrópski tungumálaramminn).....	9



## Námsleið – námskrá

Vísað er til vefsíðu Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins ([www.frae.is](http://www.frae.is)) á lista yfir hugtök í námskrám, námsleiðum og námslýsingum FA.

Titill: Starf í leikskóla og íslenska

Námskrá: Smiðja 2-1

Íslensk menning og samfélag

Námsleið lýsing: Starf í leikskóla og íslenska

Námsleiðin sem hér er lýst er hluti af námskránni Smiðja 2.1 og námslýsingu *Leikskólastarf* henni tengdri sem og hluti af námskránni Íslensk menning og samfélag. Allir námsþættir úr Smiðju 2.1 Leikskólastarf liggja til grundvallar auk námsþáttarins íslenskt mál úr námskránni Íslensk menning og samfélag.

Megintilgangur með námi í smiðju er að námsfólk kynnist fjölbreyttum vinnuaðferðum þar sem reynir á verkunnáttu, sköpunarkraft, samhæfingu og fjölbreytt tjáningarform. Námið er ætlað þeim sem vilja kynnast störfum og hugmyndafræði í starfsemi leikskóla. Áhersla Leikskólasmíðju er að nemar fái innsýn í helstu verkferla sem snúa að starfi í leikskólum. Þau taka virkan þátt í fjölbreyttum vinnustofum sem leggja áherslu á virkni og skal sú reynsla nýtast við að bæta við sig frekari þekkingu, leikni og hæfni. Tilgangur námsins í Íslenskri menningu og samfélagi er að auðvelda fólki af erlendum uppruna aðlögun að íslenskum vinnumarkaði. Í námi er lögð áhersla á íslenskt mál. Áhersla er á almenna starfshæfni námsfólks eins og hún hefur verið skilgreind hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA).

Heildarnámstími námsleiðar er 220 klukkustundir en námskráin Smiðja 2-1 er alls 160 klukkustundir og Íslensk menning og samfélag alls 200 klukkustundir.



## Skipulag

Viðurkenndur fræðsluaðili ber ábyrgð á framkvæmd námsins og skipar verkefnastjóra náms. Hlutverk verkefnastjóra er að hafa umsjón með náminu og framkvæmd þess, sjá til þess að námsþættir séu samþættir eins og kostur er og tryggja rökrétta samfellu þeirra. Framsetning námsefnis þarf að taka mið af reynslu nemanna.

Leiðbeinendur tala íslensku. Ef brýn þörf er á, skýra leiðbeinendur mál sitt á öðru tungumáli sem hentar nemahópi.

## Hæfniviðmið náms

Að loknu námi skal námsfólk búa yfir færni samkvæmt eftirfarandi hæfniviðmiðum. Nánar er vísað til hæfniviðmiða einstakra námsþátta:

### Þekking

Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helsta fagmáli í tengslum við verkefni smiðjunnar
- reglum, verkferlum og vinnubrögðum sem tilheyra starfinu
- eiginleikum og nýtingu efna við vinnslu verks í smiðju
- verkáætlun, verklýsingu og tengdum gögnum
- undirbúningi verks s.s. með einföldum skýringamyndum eða öðru
- virkni algengra áhaldna og tækja sem henta starfinu
- mikilvægi góðs sjálfstrausts í samskiptum
- gagnlegum aðferðum í samskiptum

### Leikni

Nemi skal hafa öðlast leikni í að:

fylgja reglum, verkferlum og öðrum ákvörðunum á vinnustað

- vinna sjálfstætt og með öðrum að lausn verkefna
- nota mismunandi aðferðir sem hæfa verkefninu
- lesa og rissa einfaldar teikningar / skýringamyndir
- nota viðeigandi efni, meðhöndla þau m.a. til að ná fram ólíkum áhrifum
- beita viðeigandi fagþekkingu og þekkja fagmálið
- nota algeng áhöld og tæki
- tjá sig á íslensku

### Hæfni

Nemi skal geta hagnýtt sér þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

sýna fram á góðan undirbúning og öguð vinnubrögð

- leysa viðfangsefni / verkefni sem tilheyra starfinu
- fylgja fyrir fram ákveðnum reglum og verkferlum á vinnustað
- sýna jákvætt viðhorf til starfsins og axla ábyrgð á því
- vinna verkefni sjálfstætt og í samstarfi við aðra
- þróa hugmyndir og hagnýta tækni
- fjalla um / ræða vinnuna út frá eigin túlkun



## Námsmat

Námsárangur er metinn með fjölbreyttum aðferðum sem lýst er í kennsluáætlun með áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema. Gert er ráð fyrir að ferilbók nýtist í tengslum við verk- og vinnustaðanám þar sem við á.

Áhersla er á að bæði leiðbeinendur og nemar fari sem oftast yfir það sem hefur áunnist og hvernig gangi að ná hæfniviðmiðum námsins. Námsmat nýtist sem staðfesting á námsárangri og jafnframt sem lærdómur, hvatning og endurgjöf á námstímanum.



## Yfirlitstafla

Námsleið: Starf í leikskóla og íslenska

Tafla 1: Skipulag náms

Tími er tilgreindur í klukkustundum

Nafn námsþáttar	Skammstöfun namskra.is	Klst. heild	Klst. Fræðslu	Klst. framlag -viðbót	Eining	Prep
Verkefni í smiðju 2-1.1 Innihald námskeiðs, þarfagreining, félagslegt nám, grunn orðaforði, skipulag, verkdagbók, vinnuumhverfi	F- SMID1VA_27	20	10	10	1	1
Verklag og vinnubrögð 2-1.2 Samskipti, fagmál, vinnuumhverfi, aðstæður, starfsreglur, öryggi og heilsa, skyldur og trúnaður, réttindi	F- SMID1VE_1	20	10	10	1	1
Þjálfun og sjálfstæð vinna 2-1.3 Samskipti, fagmál, vinnuumhverfi, aðstæður, starfsreglur, vettvangsnám, kynning eftir vettvangsnám	F- SMID2PS_1	120	68	52	6	2
Íslenskt mál Lestur, málfræði, ritun	F - ÍSLE1LU_1	60	30	30	5	1
<b>Vinnuframlag nema</b>		<b>220</b>	<b>118</b>	<b>102</b>	<b>13</b>	

Tölur aftan við skammstöfun í töflunni vísa til útgáfunúmers námsþáttar á vefsvæði namskra.is

Frjálst val: Nei



## Námsþættir

Heiti námsþátta kemur fram í yfirlitstöflu hér að framan og nánari lýsing er á hverjum námsþætti hér á eftir. Heitin eru lýsandi fyrir hvert fag. Þar fyrir aftan eru einkenni námsþátta úr namskra.is

## Verkefni í smiðju

F- SMÍÐ1VA\_27

Þrep	1
Vinnustundir	20 (10+10)
Námsgrein	Smiðja, verkefni #1
Viðfangsefni	Innihald námskeiðs, þarfagreining, félagslegt nám, grunn orðaforði, skipulag, verkdagbók, vinnuumhverfi

## Lýsing

Tilgangur þessa námsþátta er að nemar kynnist grundvallaratriðum smiðjunnar, verkefnum sem unnin verða, verkferlum og hverjar áherslur námsins eru. Mikilvægt er að þarfagreina hópinn strax við upphaf, með tilliti til þjóðernis, menntunar og tungumálakunnáttu til að laga námið sem best að hverjum nema. Einstaklingar með íslensku sem annað mál fara í stöðumat í íslensku sem telst hluti af þarfagreiningu. Hópurinn er efldur til samvinnu með ýmsum aðferðum, líkt og samvinnuleikjum og verkefnum en einnig er grunnorðaforði í störfum í leikskóla kynntur og þjálfður.

## Hæfniviðmið námsþátta

Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- verkefni smiðjunnar
- vinnu í hóp
- mikilvægi góðrar mætingar og þátttöku.

Nemi skal hafa öðlast leikni í að:

- fylgja reglum í námi
- beita glósutækni.

Nemi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- nota spil og leiki
- vinna í hópavinnu/teymisvinnu
- aukin samskipta- og samvinnufærni.

## Námsmat

Símat með fjölbreyttum matsaðferðum og áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema.



## Verklag og vinnubrögð

## F- SMÍÐ1VE\_1

Prep	2
Vinnustundir	20 (10+10)
Námsgrein	Smiðja, verklag og vinnubrögð #2
Viðfangsefni	Samskipti, fagmál, vinnuumhverfi, aðstæður, starfsreglur, öryggi og heilsa, skyldur og trúnaður, réttindi

**Lýsing**

Tilgangur námsþáttarinnar miðar að því að námsfólk þjálfist í notkun fagmáls á íslensku sem þarf til að tjá sig í leikskólastörfum, kunni grundvallar samskipti við börn og annað fólk innan leikskóla, komi fram af kurteisi og með fagmennsku að leiðarljósi.

Nemar fá fræðslu um vinnuumhverfi og ábyrgð á eigin heilsu, öryggi og umhverfi. Nemar fá fræðslu um réttindi, skyldur á vinnustað auk trúnaðar sem krafist er í leikskólastörfum. Nemar öðlast skilning á starfsreglum og vinnuumhverfi í leikskólum, fá þjálfun í að bregðast við ýmsum aðstæðum sem gætu komið upp í starfi, þar sem krafist viðbragða af fagmennsku. Þá er fjallað um mikilvægi trúnaðar í starfi í samræmi við leikskólalög 90/2008 eins og við á. Persónuverndarlög, 90/2018, eins og við á; lög um opinbera starfsmenn 70/1996 þar sem við getur átt.

Beitt verður fjölbreyttum kennsluaðferðum til að ná fram markmiðum. Áhersla er lögð á að námsfólk tileinki sér sjálfstæð, öguð og fagleg vinnubrögð, beiti rökhugsun og útsjónarsemi og eflir samvinnu- og samskiptafærni sína.

**Hæfniviðmið námsþáttar**

Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- grunn í fagmáli tengt leikskólastarfi
- réttindum, skyldum og trúnaði í leikskóla
- almennum starfsreglum í leikskólum
- vinnuumhverfi í leikskólum
- ábyrgð er tengist eigin heilsu, öryggi og umhverfi

Nemi skal hafa öðlast leikni í að:

- hafa kurteis samskipti við skjólstæðinga og samstarfsfólk skv. verkferlum
- bregðast við aðstæðum sem geta komið upp af fagmennsku með leiðsögn.

Nemi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- nota verklýsingar og verkferla og fara eftir þeim
- ræða um aðstæður sem komið hafa upp af fagmennsku.

**Námsmat**

Símat með fjölbreyttum matsaðferðum og áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema



## Þjálfun og sjálfstæð vinna

## F- SMÍÐ2PS\_1

Prep	2
Vinnustundir	120 (68+52)
Námsgrein	Smiðja, þjálfun og sjálfstæð vinna # 3
Viðfangsefni	Samskipti, fagmál, vinnuumhverfi, aðstæður, starfsreglur, vettvangsnám, kynning eftir vettvangsnám

**Lýsing**

Tilgangur námsþáttarins er að námsfólk þjálfist í að tjá sig á fagmáli í leikskólastörfum, þekki grundvallar samskipti við skjólstæðinga og annað starfsfólk. Komi fram af kurteisi með fagmennsku að leiðarljósi. Námsfólk fær fræðslu um hvernig skipulagning leikskólastarfsins fer fram og ólíkar áherslur í starfi leikskóla út frá stefnu skólans. Nemar fá kynningu á leikskólum, hvernig starf þar fer fram. Rætt er um væntingar og skyldur nema til vettvangsnámsins. Unnið er að undirbúningi fyrir vettvangsnám með verkefnalistum og áherslum sem nemar skulu afla sér þekkingar og skilnings á í vettvangsnáminu. Rifjað er upp hver réttindi og skyldur starfsfólks í leikskóla eru auk þess að nemar þurfi að undirrita trúnaðaryfirlýsingu á vinnustaðnum. Á vettvangi taka nemar fullan þátt í starfinu. Nemar kynna sér starfið í fjóra daga (20 klst.) og í framhaldi af því starfi kynna, þau verkefni sem þau tóku þátt í að gera, þær hugmyndir sem komu upp og reyna að tengja heimsóknina við námið í heild. Í lokin nýta nemar hugmyndirnar áfram í verkefnavinnu og vinna lokaverkefni, að eigin vali, sem þau tengja leikskólastarfinu. Lokaverkefni er unnið með stuðningi frá leiðbeinanda en að mestu leiti sjálfstætt. Verkefnið er fyrst og fremst einstaklingsverkefni. Áhersla er lögð á að námsfólk tileinki sér sjálfstæð, öguð og fagleg vinnubrögð, beiti rökhugsun og útsjónarsemi og efli samvinnu- og samskiptafærni sína.

**Hæfniviðmið námsþáttar**

Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:  
grunnfagmál í leikskólastarfi

- réttindi, skyldum og trúnaði í leikskólum
- almennum starfsreglum í leikskólum
- vinnuumhverfi leikskóla

Nemi skal hafa öðlast leikni í að:

- þekking á réttindum og skyldum í störfum með börnum
- getur farið eftir starfsreglum án leiðsagnar að miklu eða öllu leiti
- beitir trúnaði og þekkir reglur varðandi trúnað í störfum með börnum.

Nemi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- ber ábyrgð á eigin heilsu, öryggi og umhverfi
- sýnir kurteisi og faglega samskipti við skjólstæðinga og samstarfsfólk.
- miðla hugmyndum og upplýsingum til annarra.

**Námsmat**

Símat með fjölbreyttum matsaðferðum og áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema.



## Íslenskt mál

## F- ÍSLE1LU\_48\_1 (A1 - Evrópski tungumálaramminn)

Prep	1
Vinnustundir	60 (eða 30+30)
Námsgrein	Íslenskt mál
Viðfangsefni	Lestur, málfræði, ritun

**Lýsing**

Tilgangur þessa námsþáttar er að nemar auki færni sína í að lesa, skilja og tala á íslensku. Megináhersla er lögð á talað mál og tjáningu á hagnýtan hátt bæði í samskiptum og frásögn, þannig að námið nýtist nemum í daglegu lífi á Íslandi. Fjallað er um íslenskt þjóðlíf og áhersla lögð á að fylgjast með umræðu í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum, fanga málefni líðandi stundar og tengja umfjöllunina við reynslu og áhugasvið nemanna.

**Hæfniviðmið námsþáttar**

Nemi hefur öðlast þekkingu og skilning á:

- Helstu málfræðihugtökum og ritreglum sem nýtast í talmáli og ritmáli.
- Mismunandi tegundum af texta og undirstöðuatriðum í upplestri.
- Algengu myndmáli og líkingamáli.

Nemi hefur öðlast leikni í að:

- Lesa stutt hagnýtt efni og tjá sig um það.
- Taka þátt í samræðum, bregðast við og eiga frumkvæði í samskiptum.
- Kynna viðfangsefni, víkja frá undirbúnum texta og svara spurningum.
- Skrifa skýran og skiljanlegan texta. - Skilja venjulegt talað mál.
- Nota íslenskar málfræðireglur við ritun.

Nemi getur hagnýtt almenna þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- Taka þátt í umræðum um málefni líðandi stundar.
- Nota íslenska tungu á hagnýtan hátt í daglegu lífi.
- Öðlast aukinn orðaforða á íslensku.

**Námsmat**

Símat með áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema, munnlegt og skriflegt, einstaklings- og paraverkefni.

